

# Lög

## um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 (reglugerðarheimildir).

### I. KAFLI

#### Breyting á barnaverndarlögum, nr. 80/2002.

##### 1. gr.

5. mgr. 84. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um heimili og önnur úrræði samkvæmt þessari grein.

##### 2. gr.

Í stað orðanna „barnaverndarþjónustu í sínu heimilisumdæmi“ í 2. másl. 1. mgr. 85. gr. laganna kemur: Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

##### 3. gr.

2. mgr. 86. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um sumardvalir samkvæmt þessari grein.

##### 4. gr.

Við 91. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um aðra vistun barns á heimili án atbeina barnaverndaryfirvalda samkvæmt þessari grein.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

##### 5. gr.

Við 34. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um starfsemi og rekstur gæsluvalla og daggæslu í heimahúsum samkvæmt þessari grein.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 8. febrúar 2024.*